SMS skilaboð í gegnum Noona HQ

Síðast uppfært 02/09/2026 2:44 pm BST

Það er ekki bara hægt að nýta Noona HQ til þess að senda út áminningarskilaboð á viðskiptavini. Í þessari hjálpargrein verður farið yfir hvernig þú getur nýtt þér SMS valmöguleikana í Noona HQ til fulls

Áminningarskilaboð

Áminningar SMS fara út daginn áður en viðskiptavinur á bókaðan tíma (24 klst fyrir). Venjuleg áminningarskilaboð líta svona út:


Sara, tíminn þinn er klukkan 14:00 á morgun 09.07
- Afbokanir: 528-0080

- Noona neglur

Hér á viðskiptavinurinn Sara bókaðan tíma hjá fyrirtækinu Noona neglur.
Ef að skrópvörnin er virk mun bætast við neðst í skilaboðin:


Ath. skrop getur leitt til gjalds

Það er einnig hægt að breyta því sem stendur í skilaboðunum og breyta hvenær þau eru send út með því að sérsníða þau. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Áminningar.**




SMS herferðir


Það er einnig hægt að senda út SMS á stóran hóp viðskiptavina í einu. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Hópskilaboð.**



Hvernig get ég verið viss um að skilaboðin hafi verið send út?

Það er hægt að skoða stöðuna á SMS skilaboðum með því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Staða.** Þú getur einnig séð þetta í tímabókuninni sjálfri undir **"Breytingasaga".**







Senda stök skilaboð á einn viðskiptavin

Svo er alltaf hægt að nota Noona HQ til þess að senda skilaboð á ákveðinn viðskiptavin.

Þú gerir það með því að finna tímabókun viðskiptavinarins á **dagatalinu -> ýta á bókunina -> og smella á "SMS"** undir **valinn tími.**





Gangi ykkur vel og ekki hika við að hafa samband í gegnum bláu spjallbúbbluna ef að þið hafið frekari spurningar ❤